

SpecialCare 2017

Ráðstefnan „Special Care 2017“ verður haldin í Hörpu dagana 17.-18. ágúst 2017. Hún er skipulögð af norrænum þverfaglegum hópi sérfræðinga sem hafa sérstakan áhuga á munnheilsu fólks með sérþarfir og erfiðleikum með fæðuinntöku hjá börnum. Á vefsíðunni www.specialcare2017.com má finna fyrstu drög að dagskrá. Búið er að opna fyrir skráningu, fólk er hvatt til að senda inn ágreip ef það hefur áhugavert efni til að kynna.

Þetta er 23. samnorræna ráðstefna NFH (Nordic Association for Disability and Oral Health) og 5. samnorræna ráðstefnan á sviði fæðuinntökuerfiðleika hjá börnum (Nordic conference on feeding disorder of infancy and early childhood). Sú ráðstefna er nú haldin í fyrsta sinn á Íslandi og einnig er þetta í fyrsta sinn sem hóparnir halda ráðstefnur sínar saman. Félag um munnheilsu fólks með sérþarfir (FUMFS) er íslensk deild norrænnar samvinnu um munnheilsu fólks með sérþarfir (sjá: www.nfh-norden.org).

Efni ráðstefnunnar er því tvíþætt, annars vegar er fjallað um börn með erfiðleika við að taka inn fæðu og hins vegar munnheilsu fólks á öllum aldri með sérþarfir. Fyrirlesarar koma frá ýmsum löndum, auk Íslands og von er á ráðstefnugestum með ólíkan faglegan bakgrunn. Stefnt er að þverfaglegu samtali um efnið og markhópur ráðstefnunnar er fjölbreyttur faglega séð. Ráðstefnan höfðar til allra sem hafa áhuga á að bæta munnheilsu, fæðuinntöku og næringu barna og fullorðinna með langvinna sjúkdóma eða fötlun.

Gert er ráð fyrir vinnustofu (e. workshop) daginn fyrir ráðstefnuna þann 16. ágúst, eftir hádegi. Vinnustofan verður í Hringsal Barnaspítala Hringsins á Landspítala og er ætluð fagfólki sem vinnur með næringar- og fæðuinntökuerfiðleika hjá börnum. Aðalgestur er Dr. Charlotte Wright prófessor í samfélagsbarnalækningum og sérfræðilæknir hjá Royal Hospital for Sick Children í Glasgow. Hún er rannsakandi og ráðgefandi sérfræðingur á sviði næringar og vaxtar ungra barna.

Ráðstefnan og vinnustofan fara fram á ensku. Nánari upplýsingar og skráning á ráðstefnuna er á vefsíðu hennar, en opnað verður fyrir skráningu á vinnustofuna á vefsíðu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar innan skamms.

